



Stjórnarfundur FKA #12 - fundargerð

Starfsár 2022 – 2023

Staður: Borgartún 35 og Teams

Dagsetning: 27.04.2023

Tími: 12:00 – 13.30

Mættar: Dóra Eyland (DE), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Íris Ósk Ólafsdóttir (ÍÓÓ), Katrín Kristjana Hjartardóttir (KKH), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Sigrún Jenný Barðadóttir (SJB) og Unnur Elva Arnardóttir (UEA) ásamt framkvæmdastjóra félagsins Andreu Róbertsdóttir (AR).

12.00 – 12.10	1	Opnunarhringur – hvernig hefur þú það? Allar stjórnarkonur eru á fullri keyrslu í einkalífi og starfi, miklar sviptingar og breytingar fram undan, lífið að gerast hjá okkur öllum. Það er góður andi í hópnum, vorstemming, nóg að gera – síðasti stjórnarfundur starfsársins og aðalfundur FKA framundan.
12.10 – 12.20	2	Skýrsla framkvæmdastjóra – (AR) Markaðsmál Fjárhagur Viðburðir apríl/maí – fylgjast með dagatali og mæta þegar hægt er - Bryndís Reynisdóttir er nýr verkefnastjóri Jafnvægisvogar FKA. Stjórn óskar Bryndísi innilega til hamingju með starfið og hlakkar til að fylgjast með verkefninu vaxa og dafna sem endranær. Send verður út tilkynning um ráðninguna sem fyrst. Búið er að senda af stað umsókn um styrk hjá Jafnréttissjóði. Uppgjör er væntanlegt frá fyrri verkefnastjóra Thelmu Kristínu Kvaran. - AR spyr hvort Viðurkenningarhátíð sem hreyfiaflsverkefni eigi ekki að koma inn í skipurit á vefsíðu félagsins. Stjórn samþykkir. - 31 félagskona hafa boðið sig fram til þjónustu í nefndir og ráð fyrir komandi starfsár sem lítur ágætlega út. Kjörstjórn leggur til að AR hringi í þær konur sem hafa sótt um og leggi til hvernig nefndir séu skipaðar og hvert hlutverk hveir og einnar verður. - Geymslureikningur FKA hefur verið opnaður – með betri ávöxtun. Búið er að styrkja 1 milljón kr til Jafnvægisvogar saman ber ákvörðun stjórnar á síðasta stjórnarfund. Allar greiðslur hafa verið greiddar til FKA Framtíðar - Landsbyggðardeild v/landsbyggðarráðstefna - Frambjóðendur eru í fullu fjöri á samfélagsmiðlum – AR hrósar KKH vegna hennar framlags á Instagram sem skiptir lykilatriði fyrir félagið á þeim miðli. - Föstudaginn 5. maí verða frambjóðendur með kynningu á Teams – KKH stýrir þeim fundi. - Aðalfundur þarf mikið pláss á miðlum félagsins til að konur fjölmenni og uppskeri með félaginu. Skipt verður út header á fb síðum félagsins með auglýsingum um aðalfund.
12.20 – 13.20	3	Verkefni stjórnar a. Stofnun FKA Austurlands SHP/AR Umsókn hefur borist um stofnun FKA Austurlands. Umsóknin var samþykkt einróma af stjórn. Frá árinu 2019 hefur framkvæmdastjóri FKA AR verið með frumkvæði að því að fá konur af landinu öllu um borð, hefur verið í stöðugu sambandi við allar landsbyggðirnar sem hefur haft mikið að segja er kemur að stofnun Landsbyggðadeilda. AR setti sig í samband við Austurland og Vestfirði

		og var í þjónustu við konur á Suðurnesjum sem stofnuðu öfluga deild árið 2021. Samskipti, hvatning og samtal við Tengslanet austfirska kvenna (TAK) þar sem Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir í Vök baths var mikilvægt hreyfiafl fyrir Austurland með mikilvæga forvirkni í kringum ársskýrslur, sjónvarpsþætti sem og tímarit FKA árin 2019-2023. Framkvæmdastjóri og formaður mættu á Raffund með konum á Austurlandi árið 2021, sem hafði mikil áhrif á að FKA Austurland er nú að verða að veruleika. Stjórn þakkar forsvarskonum umsóknarinnar, Heiðu Ingimarsdóttur og Aðalheiði Ósk Guðmundsdóttur, kærlega fyrir framúrskarandi frumkvæði og hlakkar til að fá boð á stofnfund deildarinnar. b. Alþjóðasamskipti SHP/SJB Asper Collage frá Háskólanum í Manitoba hélt panelumræður með FKA Framtíð, FKA New Icelanders og UAK (Ungar athafnakonur) á Nordica 25. Apríl 2023. SHP/SJB undirbjuggu viðburðinn og stýrðu umræðum. Viðburðurinn vakti mikla lukku fyrir alla sem á staðnum voru og fylgdust með rafrænt, en umræðum var streymt inn á lokaða FB síðu félagskvenna. GSW (Global Summit of Women) í Dubai 4-6. Maí. Tólf konur eru að fara frá FKA á ráðstefnuna, skráning á ráðstefnuna og hótél var í gegnum GSW en Jónína Bjartmarz bauð upp á flug og skoðunarferðir fyrir þær konur sem þess óskuðu. Nokkrar konur ferðast með mökum sínum og gera meira úr ferðinni. Stjórn óskar hópnum góðs gengis og góðrar skemmtunar. c. Aðalfundur – SHP/IOO/AR Kjörstjórn – IOO/KKH Allt á góðu róli með framkvæmd, verkaskipting er á hreinu og góð samskipti. Framboð í nefndir og deildir – IOO/KKH KKH sér kynningar á frambjóðendum, AR sér um nefndir og ráð Rafræn framkvæmd kosninga IOO/KKH Rætt var um uppsetningu á framkvæmd kosninga og fyrirkomulag útskýrt Ársreikningur KKH//UEA/AR KKH gjaldkeri félagsins kynnir ársreikning með glærukynningu Lagabreytingar – yfirferð á lögum félagsins – SHP/UEA/AR Kosning fer fram eins og lagt hefur verið til, kynnt og auglýst Framkvæmd aðalfundar – SHP/GG/SJ//DH/AR Afhending salar er um kl. 14:00, mæting stjórnarkvenna fljótlega eftir það.
13.20 - 13.30	6	Önnur mál - Karen Jónsdóttir hjá Kaja Organics sendi opið bréf til ráðherra og alþingisfólks sem varðar gjaldþrot (sjá meðfylgjandi) og óskar eftir stuðningi félagsins við bréfið. Meirihluti stjórnar samþykkir stuðning við bréfið. - KKH leggur til að AR fái aðgang að „mannauðsstjóra til leigu“ eða aðila sem hún getur talað við í tengslum við starf sitt og starfsþróun. Samþykkt einróma af stjórn.

		Fundi slitið 13:20
--	--	--------------------